

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sjúkraflutninga.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hvaða aðferðir voru notaðar árið 2017 til þess að flytja sjúklinga á sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir og hversu oft var hver aðferð notuð á hverri stofnun það ár?
2. Hvaða verklagsreglur gilda um flutning sjúklinga með sjúkraflugi með tilliti til ástands sjúklinga og annarra þátta?
3. Hver var meðalferðatími sjúklinga í sjúkraflugi árið 2017 og hvernig skiptist sá ferðatími milli ferðamáta? Svar óskast sundurliðað fyrir flutning til flugvélar, flutning með flugvél og loks fyrir flutning úr flugvél á lokaáfangastað.

Skriflegt svar óskast.